

Fræðslunefnd

FUNDUR – 16. mars 2010

Fundur haldinn í Fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna leikskóla, þriðjudaginn 16. mars 2010 kl. 16:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnaði fundinum. Þórður Pálsson skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Sumarlokun leikskóla.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fund

Formaður kynnti óánægju starfsmanna leikskólans með tímasetningu sumarfrís á leikskólanum og lagði fram bréf frá leikskólastjóra og annað frá öðrum starfsmönnum leikskólans. Hugmynd nefndarinnar var að búa til hlaupandi kerfi sem skiptist í þrjú tímabil og að sumarfríð (fjórar vikur) hliðrist til um viku á milli ára þannig að fyrsta tímabilið hæfist síðasta mánudag í júní. Annað tímabilið væri frá fyrsta mánudegi í júlí og síðan þriðja tímabilið hæfist á öðrum mánudegi í júlí. Markmiðið með þessu væri að dreifa þeim óþægindum sem sumarlokun leikskólans hefur í för með sér fyrir foreldra þar sem þeir eru ekki alltaf í frí á sama tíma og sumarlokun er á leikskólanum.

Jóhanna skýrði frá óánægju sinni eftir síðasta fund og velti upp þeirri spurningu hver ætti að taka ákvörðun um dagsetningu sumarlokunar í framtíðinni.

Samkvæmt erindisbréfi fyrir fræðslunefnd er um sameiginlegt verkefni nefndarinnar og leikskólastjórans að ræða.

Harpa skýrði frá sjónarmiðum starfsmanna í málinu en þeir leggja til fastan lokunartíma frá 10.júlí til 10.ágúst.

Nokkrar umræður urðu um málið og það rætt fram og til baka.

Niðurstaða fundarins er að setja niður ákveðnar dagsetningar sem upphaf sumarlokunar fyrir næstu þrjú ár það er 28.júní, 5.júlí og 10.júlí. og komi þær fram á heimasíðu leikskólans og í skóladagatali fyrir hvert ár.

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:25

Auðunn Steinn Sigurðsson

Heiðrún Bjarkardóttir

Árný Þóra Árnadóttir

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri,

Harpa Hermannsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans

Þórdís Hauksdóttir, fulltrúi foreldra leikskólans

Þórður Pálsson